

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Hálfván Bjarki Hálfvánsson
Dags. 19. desember 2017
Mnr. 2017120042



ÍSAFJARÐARBÆR

Arctic Lindy Exchange danshátíð á Ísafirði – beiðni um húsnæði

H. Hakan Durak, forsvarsmaður Arctic Lindy Exchange danshátíðarinnar sem haldin hefur verið á Ísafirði og víðar síðustu níu ár, hefur sett sig í samband við Ísafjarðarbæ og óskað eftir fjöldagistingu á Ísafirði eins og sveitarfélagið hefur veitt hátíðinni áður. Hátíðin verður á Ísafirði dagana 13.-15. ágúst nk.

Hópurinn hefur gist í íþróttasalnum á Austurvegi og hefur það gengið vel. Klósettaðstaða er takmörkuð en sturtuaðstaða er góð. Aðrar raunhæfar lausnir fyrir fjöldagistingu á Ísafirði fæ ég ekki séð.

Dansarar á hátíðinni verða alls rúmlega 100 talsins, en þar af myndi í mesta lagi helmingurinn gista í fjöldaðstöðu. Aðrir leigja sér herbergi á gististöðum bæjarins.

Undirritaður hefur góða reynslu af samstarfi við forsvarsmann þessarar hátíðar. Frágangur hefur verið í góðu lagi og gestirnir hafa sjálfir komið með dýnur og svefnpoka, svo fyrirhöfn við móttöku þeirra er í lágmarki. Forstöðumaður íþróttamannvirkja er fyrir sitt leyti samþykkur þessari ráðstöfun.

Bæjarráð er beiðt um að taka afstöðu til þess hvort hátíðin verði styrkt með láni á húsnæði eins og áður.

Neðst í þessu minnisblaði er tölvupósturinn frá forsvarsmanni hátíðarinnar.

Virðingarfyllt,
Hálfván Bjarki Hálfvánsson, upplýsingafulltrúi-

Til Ísafjarðarbæjar,

Ég heiti H. Hakan Durak og er skipuleggjandi swingdanshátíðar Arctic Lindy Exchange sem var haldið átta sinnum fyrr á Ísafirði. Nú er efnt til þessarar hátíðar í níunda sinn á Ísafirði dagana 13.-15. ágúst 2018.

Um 100 dansarar taka þátt í hátíðinni ár hvert og í þókkabót íslenskir dansarar heimsækja Ísafjörð.

Eins og á undanförunum árum vantar okkur fjöldagistingu (*mass accommodation*) með salernis- og sturtuaðstöðu fyrir nokkra dansara. Við komum til Ísafjarðar 13. ágúst mánudegi og fer aftur til Reykjavíkur 16. ágúst fimmtudegi. Þátttakendur munu útvega sér dýnu og svefnpoka sjálfir. Nákvæmar tölur mun koma þegar nær dregur.

Bestu kveðjur.
H. Hakan Durak

kt: 091178-2579

<http://www.arcticlindyexchange.com>